

## FRÁ RITSTJÓRUM

Í þessu hefti *Uppeldis og menntunar* eru þrjár ritrýndar greinar, fjórar viðhorfsgreinar og þrjár ritdómar. Ritrýndu greinarnar fjalla um ólík efni á sviði menntavísinda: viðhorf kennaranema og framhaldsskólanema til kennaranáms, viðhorf nemenda í alþjóðlegu námi í menntunarfræði við Háskóla Íslands til námsins og árangur íslenskra grunn-skólabarna í skriftarnámi. Viðhorfsgreinarnar eru um tómstunda- og félagsmálafræðimenntun og ritaðar af kennurum námsbrautarinnar í Háskóla Íslands.

Auk birtingar á vefnum timarit.is er ritið nú birt í pdf-formi í Skemmunni, eldri hefti frá 2005–2009 og stakar greinar frá og með 2010. Birtingartöfin er um það bil ár. Á vef tímaritsins eru svo birt án tafar ágríp greina, bæði á íslensku og ensku. Sótt hefur verið um að tímaritið verði tekin inn í ISI-gagnagrunninn og er beðið niðurstöðu.

Útgáfa tímarits sem uppfyllir alþjóðlega viðurkenndar kröfur um ritrýni er mikilvæg fyrir menntavísindin. Engin grein er birt í *Uppeldi og menntun* sem ritrýnd grein nema hún hafi verið send til a.m.k. tveggja sérfróðra ritrýna, auk ritstjóra og a.m.k. eins ritnefndarfulltrúa, á einhverju stigi. Flestar greinar fara tvisvar í rýni og sumar oftast áður en þær eru birtar, og á síðustu fjórum árum er höfnunarhlutfallið 36,2%. Þá eru ekki talin með þau handrit sem aldrei voru send til ritrýna vegna þess að þau annaðhvort hentuðu ekki tímaritinu eða fyrirsjáanlegt var að þau þættu ekki nógu góð. Höfnunarhlutfallið á að tryggja að birtar greinar standist vissar gæðakröfur sem tímarit með mildara ritrýningarferli geta síður. Eftir að ritrýni er lokið ritstýrir ritstjóri greinum, málfar er leiðrétt af sérfróðum málfarsyfirlisurum og loks eru greinar búnar undir umbrot með því að farið er yfir handritin enn á ný, og sérstaklega yfir allar tilvísanir og heimildaskráningu.

Ritstjórar þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við útgáfu og dreifingu þessa heftis.